

Mættir: Guðrún Kristjánsdóttir, Einar Páll Tamimi og Elín Guðmundsdóttir

Fundargerðina ritar Guðrún Kristjánsdóttir

Samþykkt var að Guðrún yrði formaður, Elín gjaldkeri. Einar bað um að vera meðstjórnandi en hann er jafnframt varamaður í foreldraráði. Rætt var um að leggjast á eitt til að ná fleirum með okkur í stjórn þannig að hún verði mönnum 5 aðilum. Ritari og varaformaður eru því enn á lausu.

Farið var lið fyrir lið í dagskrá fundarins og tekin afstaða til hvers liðs fyrir sig.

- **Oktober: Formaður kynnis foreldrafélagið á kynningarfundum bekkjardeilda.**
Guðrún kemur til með að setja saman stutta kynningu og senda á stjórnina til skoðunar fyrir kynningarfundina. Markmiðið að foreldrar viti af foreldrafélaginu, hlutverki þess og sjái grófa dagskrá vetrarins. Ekki síður að foreldrar átti sig á hlutverki bekkjarfulltrúa og miklvægi þeirra. Upp kom hugmynd um að kalla bekkjarfulltrúa á stuttan fund áður en þeir fara heim af kynningarfundinum – hvatning og eftirfylgni. Elín bauðst til að koma með Guðrúnu á þessa fundi ef tímasetningar ganga.
- **Oktober: Halda fund með bekkjarfulltrúum og fara yfir hlutverk þeirra.**
Fundurinn ákveðinn 8.október (fyrirvari: 7. okt?)
- **Desember: Leikhúsfélag og/eða eitthvað tengt jólum – laufabrauðsbakstur?**
Leikhúsfélag ákveðin 14.desember. Einar Páll sér um að finna og panta sýningu. Ákveðið að hafa jólakaffi í skólanum að sýningu lokinni. Athuga hvort möguleiki sé á að sameina það bökunarkvöldum og eða bakstri í skólanum í vikunni fyrir sýningu og þannig nýta afraksturinn í jólakaffið, auk þeirra veitinga sem foreldrar koma með – nánar síðar.
- **Febrúar: Fræðslufundur sem svæðaráðið stendur fyrir.**
Þessi fræðslufundur er algerlega á könnu svæðaráðsins og kemur foreldrafélagið ekkert að honum nema þá mögulega til að aðstoða við að kynna hann.
- **Febrúar: Þjóðþekktur skemmtikraftur í morgunsöng.**
Tímasetning: miður mars. Tengja við morgunmat í boði foreldrafélagsins. Ákveðið að bíða þar til eftir áramót með að athuga hvaða skemmtikraftar eru „inni“
- **Mars: Páskabingó**
Páskabingó ákveðið 3. Apríl. Haft með sama sniði og undanfarin ár þar sem foreldrafélagið selur Pizzur. Reynslan er að margir borða þannig kvöldmatinn í skólanum. Einar hefur tekið að sér að kaupa góð bingóspjöld sem nota má ár eftir ár. Jónshús á um 60 spjöld og hefur verið rætt við aðila þar um að samnýta spjöld beggja aðila þegar um mjög stórar skemmtanir er að ræða.
- **Mai/júní: Innilega og/eða vorskemmtun.**
Það er samdóma álit stjórnarinnar að innilega að vori hafi ávallt verið ákaflega vel heppnuð og verið nokkur sérstaða skólans. Við viljum því með öllum ráðum halda í innileguna.

- **Skólapeysur og flísboxur**
Grunnskólar Garðabæjar hafa fengið tilboð frá 66 norður og var ákveðið að láta senda það með tölvupósti á alla foreldra. Einnig að hvetja til notkunar á fatnaði þessum með því m.a. að koma með sýnishorn á kynningarfundina. Stjórnin gæti vel hugsað sér að fara enn lengra í átt að skólabúninum með tíð og tíma.
- **Vinahópastarf**
Mikilvægt að kynna á fundi með bekkjarfulltrúum og hvetja eindregið til myndunar vinarhópa í öllum bekkjardeildum (ekki var rætt sérstaklega um 8.bekk) og minna á mikilvægi þess að farnir verði „tveir hringir“ yfir árið – annar fyrir áramót og hinn eftir.
- **Bekkjjarfulltrúar**
Sjá til þess að það verði tveir bekkjarfulltrúar í forsvari fyrir hvern aldurshóp og þá að þeir komi úr sitt hvorri bekkjardeildinni þ.e. að allir árgangar eigi sinn fulltrúa. Einnig að leggja áherslu á það að bekkjarfulltrúar starfi í tvö ár og skarist þannig að ekki taki tveir nýjir við í einhverjum aldurshópnum að hausti.
- **Samskipti frá foreldrafélaginu til foreldra**
Guðrún hafði sent prufu eintak (hugmynd) á Einar Pál og Elínu. Þeim leist vel á að öll samskipti frá foreldrafélaginu til foreldra hafi ákveðið og skemmtilegt útlit. Guðrún kemur þannig til með að útbúa þann tölvupóst sem fer á foreldra og fær skrifstofu skólans til að áframsenda.
- **Fjölgun í stjórn foreldrafélagsins**
Mikilvægt að vera amk. fimm
- **Áhrif nýju grunnskólalaganna – fylgjast með umræðu**
Guðrún stefnir á að fara á kynningarfund um þessi mál ásamt Guðmuni Guðnasyni fómanni foreldraráðs Sjúlandsskóla og Svæðaráðs grunnskóla Garðabæjar. Fundurinn er næstkomandi fimmtudag.
- **Tillögur og hugmyndir**
Einar varð að fara af fundi en eftir það kom upp umræða um Handbók foreldraráðs- og foreldrafélags Sjúlandsskóla. Guðrún og Guðmundur munu á næstunni skoða hana og Guðrún lagði áherslu á að handbókin verði lifandi plagg sem verði uppfært reglulega og verði til staðar á netsíðu skólans.

Næsti fundur stjórnarinnar var ákveðinn þriðjudaginn 7. október kl. 12:00 í Sjúlandsskóla